

Reglugjörð

141
20. desbr.

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til brunabóta og standa á lóð, er liggur að götu eða vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt. Sama er og um önnur hús, er fá vatn leitt úr vatnsveitu bæjarins. Skatturinn skal lagður á eftir virðingarverði húsa til brunabóta. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátrygðar ásamt því.

2. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skift í flokka til skatts, sem hér segir:

1. flokkur.

Allar byggingar, sem engin íbúð er í:

Af fyrstu 10.000 kr. virðingarverðsins	$3\frac{1}{2}/_{00}$
Af næstu 10.000 kr. virðingarverðsins	$3^0/_{00}$
Af því sem fram yfir er 20.000 kr. virðingarverðsins	$2^0/_{00}$

2. flokkur.

Hús, sem aðeins er 1 íbúð í:

Af fyrstu 10.000 kr. virðingarverðsins	$3\frac{3}{4}/_{00}$
Af næstu 10.000 kr. virðingarverðsins	$3\frac{1}{4}/_{00}$
Af því sem fram yfir er 20.000 kr. virðingarverðsins	$2\frac{1}{2}/_{00}$

3. flokkur.

Hús, sem 2 íbúðir eru í:

Af fyrstu 10.000 kr. virðingarverðsins	$4^0/_{00}$
Af næstu 10.000 kr. virðingarverðsins	$3\frac{1}{2}/_{00}$
Af því sem fram yfir er 20.000 kr. virðingarverðsins	$3^0/_{00}$

4. flokkur:

Hús, sem eru í 3 íbúðir eða fleiri:

Af fyrstu 10.000 kr. virðingarverðsins	$4\frac{1}{2}/_{00}$
Af næstu 10.000 kr. virðingarverðsins	$4^0/_{00}$
Af því sem fram yfir er 20.000 kr. virðingarverðsins	$3\frac{1}{2}/_{00}$

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisparfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, greiðist aukagjald $1^0/_{00}$ af virðingarverðinu, ef aukagjaldið er ekki ákveðið sérstaklega samkvæmt 3. gr.

141 Auk gjalds þessa greiðir húseigandi 6 kr. árlega fyrir hvert vatnssalerni
20. des. sem í húsinu er, og 4 kr. fyrir hvern hana utanhúss.
Fyrir hvern stórgrip greiðist 1 kr. sem aukagjald.

3. gr.

Vatnsskattur fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, baðhús, þvottastöðvar, iðnað-
arfyritæki og fyrir vatn til annarar slíkrar notkunar, skal venjulega ákveðinn
með samningi. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal hann inn-
heimtur eftir mæli. Greiðist þá af ársbrúkun hverri 1 kr. 50 a. fyrir hverja
100 hektólitra upp að 10 þúsund hektólitrum, en minna fyrir það, sem umfram
er, eftir nánari ákvörðun vatnsnefndarinnar og eftir því, hve mikið er notað.

Vatnsveitan leggur til mæli, en notandi greiðir 12 kr. á ári í leigu fyrir
hann. Sérstakt leyfi vatnsnefndar þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband
við vatnsæðarnar.

4. gr.

Fyrir vatn, er látið er úti til skipa á höfninni, greiðist 60 aurar fyrir
hvert tonn, sé það flutt í skipin á bátum, en 1. kr. 25 a. ef það er látið úti
við bryggju.

5. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, án leyfis
borgarstjóra.

6. gr.

Vatnsskatturinn greiðist fyrir liðinn ársfjórðung hvern og fellur í gjald-
daga 31. marz, 30. júní, 30. september og 31. desember.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið, staðfestist
hérmeð, samkvæmt lögum 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík, til þess
að öðlast gili 1. janúar 1911, og fellur þá jafnframt úr gildi bráðabirgðareglu-
gjörð um sama efni 30. des. 1909.

Þetta birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 20 desember 1910.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.